

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Súðavíkurhreppi.

1. gr.

Súðavíkurhreppur innheimtir gjald vegna sorphirðu og sorpförgunar samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2. gr.

Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbýli, eða íbúðarhús utan þéttbýlis greiðist eftirfarandi þjónustugjald:

A. Íbúðarhúsnæði í Súðavík	kr. 28.376
- þar af sorphreinsgjald	kr. 12.611
- þar af sorpeyðingargjald	kr. 15.764
B. Lögbýli í dreifbýli	kr. 28.376
1) Sumarhús í ytri Súðavík, (gömlu byggðinni)	kr. 14.188
2) Sumarhús í dreifbýli Súðavíkurhrepps	kr. 18.631
D. Fyrirtæki í dreifbýli Súðavíkurhrepps:	
Flokkur 1	kr. 25.000
Flokkur 2	kr. 75.000
Flokkur 3	kr. 150.000
Ekki eru álögð gjöld á fyrirtæki í Súðavík, en gert ráð fyrir að þau semji beint við þjónustuaðila eða nýti sér sorpmóttöku við Njarðarbraut samkvæmt gjaldskrá.	
E. Gjaldskrá fyrir sorpmóttöku, Njarðarbraut	
Móttökugjald fyrir hvern 0,25 m ³	kr. 500

Heimili greiða ekki fyrir málma/járn eða úrgang sem getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur en greiðir ofangreint gjald vegna úrgangs:

frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða,
frá bifreiðaviðgerðum,
vegna húsdýrahalds.

Atvinnurekstur greiðir fyrir allan úrgang að undanskildum málmum/járni og þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslugjald, s.s. hjólbarða, bylgjupappa og plastumbúðir.

3. gr.

Að lokinni álagningu skv. 2. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjaldtöku Súðavíkurhrepps. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Sveitarstjórn er heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Súðavíkurhrepps 23. nóvember 2011. Gjaldskráin er sett skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. janúar 2012.

Súðavík, 30. nóvember 2011.

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri.